

104/EB, um ákveðna þætti er varða skipulag vinnutíma þannig að hún taki til þeirra geira og þeirrar starfsemi sem fellur utan gildissviðs þeirrar tilskipunar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Árni Magnússon.

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2005

LÖG

um starfsmannaleigur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um starfsmannaleigur á innlendum vinnumarkaði.

Með starfsmannaleigu er átt við þjónustufyrirtæki sem samkvæmt samningi leigir út starfsmenn sína gegn gjaldi til að sinna störfum á vinnustað notendafyrirtækis undir verkstjórn þess síðarnefnda.

II. KAFLI

Skráning og tilkynning.

2. gr.

Skráning.

Hver sá sem vill veita starfsmannaleiguþjónustu hér á landi skal tilkynna um það til Vinnumálastofnunar átta virkum dögum áður en starfsemi hefst í fyrsta skipti.

Í tilkynningu til Vinnumálastofnunar skv. 1. mgr. skal koma fram nafn fyrirtækis, kennitala og heimilisfang ásamt nafni fyrirsvarsmanns þess, kennitala hans og heimilisfang. Þegar starfsmannaleigan hefur staðfestu í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki skulu koma fram upplýsingar um staðfestu fyrirtækis í heimaríki og nafn fyrirsvarsmanns fyrirtækis, heimilisfang í heimaríki og virðisaukaskattsnúmer eða önnur sambærileg heimild um starfseminu sem sýnir fram á að fyrirtæki starfi löglega sem starfsmannaleiga í heimaríkinu samkvæmt lögum þess ríkis.

Vinumálastofnun skal halda skrá yfir þá sem hafa tilkynnt sig samkvæmt lögum þessum og birta hana með aðgengilegum hætti.

Öðrum en þeim sem eru á skrá hjá Vinnumálastofnun er óheimilt að veita starfsmannaleigubjónustu hér á landi.

Starfsmannaleigum sem ekki hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu eða í EFTA-ríki er óheimilt að veita hér bjónustu án staðfestu nema samningar sem Ísland á aðild að heimili slíkt.

3. gr.

Sérstakur fulltrúi.

Starfsmannaleiga sem veitir bjónustu á Íslandi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal hafa fulltrúa hér á landi.

Starfsmannaleiga skal tilkynna Vinnumálastofnun um nafn fulltrúa fyrirtækisins hér á landi ásamt kennitölu hans og lögheimili eða dvalarstað hér á landi átta virkum dögum áður en starfsemi þess hefst hér á landi. Skipti fyrirtækið um fulltrúa á meðan það hefur starfsemi hér á landi skal tilkynna um skiptin án ástæðulausrar tafar.

Fulltrúi starfsmannaleigunnar ber ábyrgð á að veita stjórnvöldum upplýsingar samkvæmt lögum þessum, sem og þær upplýsingar sem starfsmannaleigu er skylt að veita á grundvelli 2. gr. laga nr. 55/1980, um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, með síðari breytingum. Enn fremur skal hann hafa umboð til að taka við stjórnvaldsákvörðun eða eftir atvikum birtingu stefnu þannig að bindandi sé að lögum fyrir starfsmannaleiguna. Þessar skyldur fulltrúans skulu haldast tólf mánuðum eftir að starfsemi starfsmannaleigunnar er lokið hér á landi.

Starfsmannaleigu skv. 1. mgr. er óheimilt að veita bjónustu hér á landi hafi hún látið hjá líða að tilkynna um fulltrúa til Vinnumálastofnunar eða um skipti á fulltrúa.

4. gr.

Tilkynningarskylda.

Starfsmannaleiga sem hyggst veita bjónustu hér á landi samtals lengur en tíu virka daga á hverjum tólf mánuðum skal veita Vinnumálastofnun eftirfarandi upplýsingar átta virkum dögum áður en bjónustan er veitt í hvert skipti:

- a. yfirlit yfir starfsmenn sem starfa á vegum fyrirtækisins hér á landi þar sem fram kemur fjöldi þeirra, nöfn, heimilisföng í heimaríki, ríkisfang og starfsréttindi eftir því sem við á,
- b. yfirlit yfir þann tíma sem áætlað er að starfsmenn fyrirtækisins muni dveljast hér á landi þegar um erlenda starfsmenn er að ræða,
- c. gildi atvinnuleyfa starfsmanna í heimaríki þegar um er að ræða starfsmenn sem eru ekki ríkisborgarar ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu eða EFTA-ríkja og
- d. aðrar þær upplýsingar sem Vinnumálastofnun kann að óska eftir til þess að ganga úr skugga um að starfsmannaleiga veiti sannanlega bjónustu hér á grundvelli 36. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu og að um sé að ræða starfsmenn hennar, svo sem afrit af bjónustusamningum og ráðningarsamningum.

Vinumálastofnun skal áframsenda upplýsingar skv. a–c-lið 1. mgr. til Útlendingastofnunar eftir því sem við getur átt.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

5. gr.

Óheimil gjaldtaka.

Starfsmannaleigu er óheimilt að krefjast greiðslna, semja um eða taka við greiðslum frá starfsmönnum sínum fyrir að bjóða eða veita þeim vinnu, hvort sem er við upphaf ráðningarsambands eða síðar.

6. gr.

Takmörkun á útleigu.

Starfsmannaleigu sem hefur ráðið til sín starfsmann er hefur áður starfað hjá öðru fyrirtæki er óheimilt að leigja út starfsmanninn til þess fyrirtækis fyrr en sex mánuðir eru liðnir frá því að ráðningarsambandi hans við það fyrirtæki lauk.

7. gr.

Ráðning til notendafyrirtækis.

Starfsmannaleigu er óheimilt að takmarka rétt starfsmanns sem leigður hefur verið til notendafyrirtækis til að stofna síðar til ráðningarsambands við það fyrirtæki.

8. gr.

Skriflegir ráðningarsamningar.

Starfsmannaleiga skal gera skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína. Samningur skal vera í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki. Jafnframt skal veita skriflegar upplýsingar um það verkefni sem starfsmaður er sendur til að vinna við hverju sinni áður en vinnan hefst.

IV. KAFLI

Eftirlit og viðurlög.

9. gr.

Eftirlit.

Vinnumálastofnun skal hafa eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða settra samkvæmt þeim.

Berist Vinnumálastofnun rökstudd kvörtun um að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laganna ber stofnuninni að kanna málið frekar. Komist stofnunin að þeirri niðurstöðu að starfsmannaleiga hafi brotið gegn ákvæðum laga þessara skal hún krefjast þess með hæfilegum fyrirvara að starfsmannaleigan starfi í samræmi við lög.

10. gr.

Upplýsingar í þágu eftirlits.

Starfsmannaleiga skal veita Vinnumálastofnun þær upplýsingar er stofnunin telur nauðsynlegar til að fylgjast með framkvæmd laga þessara, þ.m.t. um ráðningarsamninga og ráðningarkjör.

Starfsmönnum Vinnumálastofnunar er óheimilt að nota aðstöðu sína til að afla sér annarra upplýsinga um starfsemina en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar í þágu eftirlitsins. Enn fremur er þeim óheimilt að láta öðrum í té upplýsingar um starfsemina, starfsmenn eða aðra aðila, ef þeir hafa fengið vitneskjuna vegna starfa sinna og ástæða er til að ætla að henni skuli haldið leyndri.

11. gr.

Tímabundin stöðvun á starfsemi.

Hafi Vinnumálastofnun krafist þess með hæfilegum fyrirvara að starfsmannaleiga fari að lögum og úrbætur hafa ekki verið gerðar, þegar sá frestur er liðinn sem gefinn var, getur Vinnumálastofnun krafist þess að lögregla stöðvi vinnu tímabundið eða loki starfsemi starfsmannaleigunnar tímabundið þangað til úrbætur hafa verið gerðar.

12. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra ákvörðun Vinnumálastofnunar til félagsmálaráðuneytis innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Kæra telst nægilega snemma fram komin ef bréf um hana hefur borist ráðuneytinu eða verið afhent pósti áður en fresturinn er liðinn.

Félagsmálaráðuneytið skal leitast við að kveða upp úrskurð innan tveggja mánaða frá því að ráðuneytinu berst mál til úrskurðar.

Að öðru leyti fer um málsmeðferð samkvæmt ákvæðum stjórnisýslulaga.

13. gr.

Viðurlög.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggja við að öðrum lögum.

Sektir renna í ríkissjóð.

Með mál út af brotum á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim fer að hætti opinberra mála.

V. KAFLI

Ýmis ákvæði.

14. gr.

Reglugerðarheimild.

Félagsmálaráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara.

15. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Starfsmannaleiga sem þegar er starfandi á innlendum vinnu- markaði skal uppfylla skilyrði 2. og 3. gr. eigi síðar en 1. febrúar 2006.

16. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. *Lög um réttarstöðu starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja, nr. 54/2001:*
 - a. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:
 - i. Á eftir orðunum „að því er varðar lágmarkslaun“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: og aðra launabætti.

ii. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Greiðslur sem sérstaklega tengjast starfinu skulu reiknast inn í lágmarkslaun starfsmanns. Fyrirtæki, sbr. 2. gr., er þó óheimilt að reikna greiðslur vegna kostnaðar sem það hefur lagt út fyrir vegna ferða starfsmanns, gistingar og upphalds, inn í kröfur um lágmarkslaun skv. 1. tölul. 1. mgr.

b. Heiti laganna verður: **Lög um starfskjör starfsmanna sem starfa tímabundið á Íslandi á vegum erlendra fyrirtækja.**

2. *Lög um atvinnuréttindi útlendinga, nr. 97/2002, með síðari breytingum:*

a. Í stað 4. mgr. 7. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Óheimilt er að veita dvalar- og atvinnuleyfi samkvæmt lögum þessum vegna starfa hjá starfsmannaleigum.

Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um tímabundin atvinnuleyfi.

b. Í stað ákvæðis til bráðabirgða kemur nýtt ákvæði, svohljóðandi:

Ákvæði a-liðar 14. gr. tekur þó ekki gildi að því er varðar rétt ríkisborgara Eistlands, Lettlands, Litháens, Póllands, Slóvakíu, Slóveníu, Tékklands og Ungverjalands til að starfa hér á landi fyrir en 1. maí 2006, sbr. þó 36. gr. sammingsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lög þessi skulu endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku þeirra.

Gjört á Bessastöðum, 20. desember 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Árni Magnússon.

A-deild – Útgáfud.: 29. desember 2005